

Nd.

488. Breytingartillögur

[124. mál]

við frv. til laga um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Frá Jóni Pálmasyri.

1. Við 8. gr. Aftan við c-lið í 2. málsg. bætist: álf.
2. Við 13. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Sýslunefndum og bæjarstjórnnum veitist heimild til, hverri sér eða fleirum saman, að gera samþykktir o. s. frv.
3. Við 14. gr.
 - a. 1. málsg. orðist svo:
Þegar sýslunefnd (eða sýslunefndir og bæjarstjórnir) hefur gert frumvarp til samþykktar samkvæmt 13. gr., skal oddviti sýslunefndar (eða oddvitar sýslunefnda og bæjarstjórna) kveðja til samþykktarfundar. Sé ein sýslunefnd aðili að samþykktinni, stjórnar oddviti hennar fundinum, en sé um fleiri að ræða, þá sá maður, er til þess er kosinn af öllum aðilum. Sé samþykktinni ætlað að ná til eins hrepps eða eins bæjarfélags, skal boða á fundinn alla eigendur og umráðamenn landa og lóða á svæðinu. En sé samþykktinni ætlað að ná til stærra svæðis, skal boða á fundinn hreppsnefndarmenn og bæjarfulltrúa á samþykktarsvæðinu. Atkvæðisréttur á samþykktarfundi er bundinn við þá, sem boðaðir eru á fundinn, og er fundurinn því aðeins lögmætur, að meira en helmingur þeirra sé á fundi.
 - b. Á eftir orðinu „sýslunefnd“ á þrem stöðum í 2. málsg. komi á öllum stöðum: eða sýslunefndir.